

## ROF-2017-13 Heilsuefning

Koma á upp aðstöðu til líkamsræktar sem gæti nýst íbúum jafnvel út fyrir Raufarhöfn, m.a. með það að markmiði að eldri borgarar geti nýtt sér hana, sem og unglingar í grunnskólanum. Aðstaðan verður í kjallara íþróttahúss ef allt gengur upp. Sótt var um styrk til breytinga á húsnæðinu og til tækjakaupa. Verkefnið er samfélagsefandi og getur nýst mörgum, mikilvæg þjónusta en getur reynst erfið rekstrarlega í litlu samfélagi. Þeim tilmælum verði beint til umsækjenda að þeir vinni verkefnið í samstarfi við sveitarfélagið og nýti aðstöðu í íþróttahúsi og samkomulag þar um liggja fyrir.

Verkefninu var úthlutað kr. 1.500.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.